

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um frávísun kæra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu mörgum kærur til lögreglu var vísað frá ár hvert árin 2018–2022 á grundvelli 3. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008? Svar óskast sundurliðað eftir brotaflokkum.
2. Hvert var hlutfall kæra sem vísað var frá af öllum kærur ár hvert á sama tímabili?

Samkvæmt 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, vísar lögregla frá kærur um brot ef ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni. Sé rannsókn hafin getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef í ljós kemur að kæra hefur ekki verið á rökum reist eða brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað. Ef kærur er vísað frá eða rannsókn hætt er lögreglu skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta og benda honum á að hann geti kært ákvörðunina til ríkissaksóknara, sbr. 5. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda þeirra brota sem fengið hafa ferilinn vísað frá eða rannsókn hætt hjá lögreglu eftir því ári sem brot var tilkynnt til lögreglu. Þá sýnir taflan heildarfjölda brota sem tilkynnt voru til lögreglu sama ár og hlutfall þeirra brota sem var vísað frá eða rannsókn var hætt hjá lögreglu. Bent er á að ekki hefur öllum málum verið lokið og geta þessar tölur því tekið breytingum.

	Vísað frá	Rannsókn hætt hjá lögreglu	Heildarfjöldi skráðra brota	Hlutfall mála sem var vísað frá eða rannsókn hætt
2018	121	21.504	96.865	22,3%
2019	174	17.917	94.273	19,2%
2020	177	10.418	73.954	14,3%
2021	204	14.722	82.938	18,0%
2022	170	17.161	77.079	22,5%

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda brota sem fengið höfðu ferilinn *vísad frá* og *rannsókn hætt hjá lögreglu* eftir því ári sem brot var tilkynnt og yfirflokki brota. Bent er á að ekki hefur öllum málum verið lokið og geta þessar tölur því tekið breytingum. Undir flokkinn *umferðarlagabrot* í meðfylgjandi töflu falla einkum umferðarlagabrot erlendra ferðamanna sem varða hraðakstur og ekki hefur tekist að fullnusta.

	2018	2019	2020	2021	2022
Hegningarlagabrot					
Auðgunarbrot	3.299	3.269	3.408	3.809	3.217
Brot á almannafriði og allsherjarreglu	2	5	7	3	9
Brot á reglum um framfærslu og atvinnuhætti	3	2		8	
Brot gegn frjálssræði manna	9	7	6	14	11
Brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum		2	1		
Brot gegn valdstjórninni	25	25	9	8	9
Brot í opinberu starfi	15	14	6	21	5
Brot sem hafa í för með sér almannahættu	40	34	32	40	34
Kynferðisbrot	37	31	27	30	19
Landráð	1		2	2	4
Manndráp og líkamsmeiðingar	428	371	402	710	641
Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil	15	29	11	15	9
Rangur framburður og rangar sakargiftir	8	30	17	21	14
Sifskaparbrot		1		2	3
Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	89	67	63	78	40
Um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma				1	
Ýmis brot á hagsmunum almennings			1		1
Ýmis brot er varða fjárréttindi	1.564	1.473	1.510	1.787	1.403
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	256	254	384	434	347
Annað	2	1	1		
Sérrefsilagabrot	975	1.121	1.052	1.159	1.057
Umferðarlagabrot	14.857	11.355	3.653	6.781	10.507